



SÁLFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC PSYCHOLOGICAL ASSOCIATION

Brettánda Sálfræðipíngið verður haldið dagana 16, 17. og 18. mars 2022
í samvinnu SÍ, Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík

Auglýst er eftir efni fyrir málstofur, vinnustofur, fyrirlestra og veggspjöld

SKILAFRESTUR ER TIL 15. DESEMBER 2021

Sálfræðipíngið er fræðileg ráðstefna fagfólks

Öllum er heimilt að bjóða efni til kynningar á pínginu, svo fremi sem það lýtur að sálfræði og stenst fræðilegar kröfur. Ekki er gerður greinarmunur á fræðilegu og hagnýtu efni en allir fyrirlestrar og veggspjöld eiga að standast fræðilega skoðun.

Á pínginu verður einungis um frumflutning erinda á íslensku að ræða. Ef erindi hefur áður verið flutt hér á landi útilokar það flutning á pínginu. Ef erindi hefur einungis verið flutt erlendis má sækja um að flytja það á pínginu.

Miðvikudagskvöldið 16. mars

fer fram sá hluti píngsins sem opinn er almenningi en þá verður boðið upp á fræðsluerindi um sálfræðileg málefni.

Um fræðslu- og námskeiðadaginn fimmtudaginn 17. mars:

Fræðslu- og námskeiðadagurinn er helgaður fræðslu, námskeiðum og kynningum. Skipuleggjendur hafa frjálssar hendur um tímalengd, fyrirkomulag, staðsetningu og þáttökugjöld.

Sálfræðingar eru hvattir til að bjóða upp á fræðslufyrirlestra, námskeið, kynningar og málstofur á vinnustöðum sínum eða í húsnæði SÍ / BHM.

Kallað er eftir efni fyrir fræðslu- og námskeiðadag píngsins:

Stutt námskeið, fyrirlestrar og kynningar um hagnýtt efni af sálfræðilegum toga.

Í ágrípi skulu koma fram upplýsingar um höfundu / umsjónaraðila, umfjöllunarefni og fyrirkomulag. Ágrip skal vera að hámarki 150 orð.

Um ráðstefnudaginn föstudaginn 18. mars:

Ráðstefnan fer fram á Hilton Reykjavík Nordica og stendur frá kl. 8:30-17:00. Á ráðstefnunni fara fram þematengdar málstofur og vinnustofur sem og kynning erinda og veggspjalda.

Kallað er eftir efni til kynningar á ráðstefnudeginum:

A. Ágrip vegna málstofa / vinnustofa / erinda: Ágrip skal vera að hámarki 250 orð. Greina skal frá efni, fræðilegu samhengi, rökstuðningi, aðferð og niðurstöðum eftir því sem við á. **Erindi skal taka 15 mínútur í flutningi með 5 mínútna umræðu í kjölfarið. Þematengdar málstofur standa í 1 1/2 klst.**

B. Ágrip vegna veggspjalda: Ágrip skal vera að hámarki 250 orð. Í ágrípi skal greina frá umfjöllunarefni, fræðilegu samhengi, rökstuðningi, aðferð og niðurstöðum.

Heiðursverðlaun SÍ

verða veitt í sjöunda sinn á pínginu. Skorað er á félagsmenn að senda inn tilnefningar um sálfræðinga sem eiga skilið virðingavott fyrir störf sín, hafa innleitt nýjungar og/eða þróað verkefni í þágu sálfræðinnar, hafa skarað fram úr og verið öðrum fyrirmynd í starfi. Sálfræðingarnir skulu vera félagsmenn í SÍ. Í tilnefningu skal koma fram nafn viðkomandi og góður rökstuðningur.

Að kvöldi ráðstefnudagsins fögnum við sjálfum okkur og öðrum - nánar síðar!

Öll ágrip, hugmyndir og tilnefningar til heiðursverðlauna skal senda á word-formi á netfangið arsting@sal.is fyrir **15. desember 2021**.